

Liggur þungt í dauðadvala  
 dóttir konu fiskimanns.  
 Hann er úti' á hafsins öldum,  
 hefir stefnu þó til lands;  
 rauna þungi á herðum hans.

Kona situr fól og fálát  
 fast við dóttur sinnar tær,  
 heldur milli handa sinna  
 hári og gerir fléttur tvær.  
 Dóttirin brjóstveik, dauða nær.

Alda brotnar út á skerjum;  
 allan brýtur sæ til lands.  
 Dregur þá hið dýpsta andvarp  
 dóttir konu fiskimanns.  
 Eldurinn deyr á arni hans.

Druknuð er í dauðamyrkri  
 dóttir hjóna í fiskibúð.  
 Hvíti dauði, vöðvaldur,  
 vakir undir hverri súð:  
 hefir marga helt og lúð.

Út var grátið instu tárur,  
 augun svo sem kulnuð glóð,  
 þar sem lík í líni hjápað,  
 lagt á rúm fjöl, uppi stóð.  
 Harmar taka hjörtum blóð.

Síðan heim til guðsmanns gengur  
 grátin kona af vökubæð,  
 biður prestinn barnið jarða.  
 Bregst hann við og spyr um féð:  
 "Út í hönd, en ulla — veð".

Húskveðju til harmaléttis  
 hún vill kaupa og ræðu með —  
 líkræðu með líkn frá hæðum.